

námskrágerð fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og höfð forganga um mat á og eftirlit með skólastarfi á öllum skólastigum.

Skrifstofa vísindamála.

Skrifstofa vísindamála sér um almenna stjórnáslu á sviði vísinda- og rannsóknamála innan ráðuneytisins. Þar fer fram undirbúningur og ráðgjöf vegna stefnumótunar í vísinda- og rannsóknamálum sem fer fram á vegum vísinda- og tækniráðs, auk þess sem almenn umsjón með málefnum ráðsins er á höndum skrifstofunnar. Hún hefur einnig umsjón með málefnum vísindanefndar og samræmingu á verkefnum ráðuneytisins sem lúta að vísinda- og rannsóknastarfsemi og samþættingu þeirra við mótun og framkvæmd menntastefnu.

Önnur atriði.

Ráðuneytið er ein heild. Skrifstofur og svið hafa forræði á sínum málaflokkum eftir því sem efni standa til, en ráðuneytisstjóri annast samræmingu á starfsemi skrifstofanna og hefur yfirumsjón með þeim. Skrifstofustjórar sjá um að undirbúningur verkefna og framkvæmd ákvarðana sé fullnægjandi. Þeir sjá um miðlun upplýsinga til ráðherra og ráðuneytisstjóra.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 725/2000 um skipulag menntamála-ráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytinu, 2. maí 2003.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Austureyjar I og III í Bláskógabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Laugardalshrepps þann 7. maí 2002 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Austureyjar I og III í Bláskóga-byggð (fyrrum Laugardalshreppi).

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bláskógabyggð, 8. maí 2003.

Sveinn A. Snæland, oddviti Bláskógabyggðar.